

AUGLÝSING

um aðild að alþjóðasamningi um að koma á fót í tilraunaskyni evrópsku kerfi hafstöðva.

Hinn 23. mars 1981 var aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópubandalaganna afhent aðildarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um að koma á fót í tilraunaskyni evrópsku kerfi hafstöðva (COST verkefni 43) sem gerður var í Brussel 15. desember 1977. Jafnhliða afhendingu skjalsins voru samþykkt af Íslands hálfu skilyrði sem aðild Íslands var háð samkvæmt ákvörðun samningsaðila í samræmi við 10. gr. samningsins. Samningurinn öðlaðist gildi 23. mars 1981.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari. Þar eru þó ekki birtir viðaukar I og II við samninginn en hægt er að fá aðgang að texta þeirra í utanríkisráðuneytinu. Í fylgiskjali 2 eru birt skilyrði sem samþykkt voru af Íslands hálfu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 26. júní 1981.

Ólafur Jóhannesson.

Hörður Helgason.

Fylgiskjal 1.

Alþjóðasamningur um að koma á fót í tilraunaskyni evrópsku kerfi hafstöðva.

Ríkisstjórnir Konungsríkisins Belgíu,
Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og
Norður-Írlands,
Konungsríkisins Danmerkur,
Lýðveldisins Finnlands,
Franska lýðveldisins,
Írlands,
Ítalska lýðveldisins,
Konungsríkisins Noregs,
Portúgalska lýðveldisins,
Konungsríkisins Spánar og
Konungsríkisins Svíþjóðar,

hér eftir kölluð „þátttökuríkin“,
sem gera sér grein fyrir þörf á að samræma
aðgerðir til að koma á fót í tilraunaskyni evrópsku
kerfi hafstöðva til að afla veður- og haffræðigagna,

hafa orðið ásattar um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar að samningi þessum, hér eftir kallaðir „samningsaðilar“, skulu starfa saman að verkefni, hér eftir kallað „verkefnið“, til að koma á fót í tilraunaskyni evrópsku kerfi hafstöðva (ENOS) til að afla veður- og haffræðigagna til notkunar þegar í stað.

International Agreement on the Setting up of an Experimental European Network of Ocean Stations

The Governments of the Kingdom of Belgium
the Kingdom of Denmark
the Kingdom of Spain
the French Republic
Ireland
the Italian Republic
the Kingdom of Norway
the Portuguese Republic
the Republic of Finland
the Kingdom of Sweden
the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland

hereinafter referred to as “the Participants”,
conscious of the need to co-ordinate action with
a view to setting up an experimental European
network of ocean stations for providing
meteorological and oceanographic data,

HAVE AGREED as follows:

ARTICLE 1

The contracting parties to this Agreement, hereinafter referred to as “the Parties”, shall cooperate in a project, hereinafter referred to as “the project”, with a view to setting up an experimental European network of ocean stations (ENOS) for providing meteorological and oceanographic data on a real-time basis.

Lýsing á verkefninu er í viðauka I.

2. gr.

Stofnuð er stjórnarnefnd, hér eftir kölluð „nefndin“, með einum fulltrúa frá hverjum samningsaðila. Hver fulltrúi má hafa sérfræðinga eða ráðgjafa sér til aðstoðar.

Nefndin setur sér starfsreglur sem samþykktar skulu með einróma atkvæðum. Ennfremur velur hún sér formann og varaformann.

3. gr.

Nefndin skal sjá um að samræma þætti verkefnisins og sérstaklega skal hún:

a. gera rökstuddar tillögur til samningsaðila um hvers konar aðgerðir er varða framkvæmd verkefnisins,

b. fylgjast með framvindu verksins og gera tillögur til samningsaðila, eftir því sem við á, um breytingar sem nauðsynlegar kunna að vera að því er varðar heildarmarkmið eða umfang framkvæmda,

c. taka ákvarðanir um starfsemi á svæðunum fimm sem lýst er í viðauka I, enda samræming þeirrar starfsemi nauðsynleg til að tryggja framkvæmd verkefnisins,

d. ráða verkefnisstjóra og skilgreina starfssvið hans,

e. gera tillögur um verkefni vegna hugsanlegs framhalds á starfseminni eftir að þessi samningur fellur úr gildi,

f. skiptast á rannsóknaniðurstöðum að því marki að gætt sé á fullnægjandi hátt hagsmuna samningsaðila, bærra stjórnvalda eða stofnana og rannsóknaverktaka að því er varðar eignarréttindi á sviði iðnaðar og trúnaðarmál viðskiptalegs eðlis,

g. gefa út skýrslu, árlega og við lok verkefnisins, er greini frá árangri starfsemi þeirrar sem verkefnið tekur til og senda hana samningsaðilum.

4. gr.

Rekstrarkostnaði, þar með talinn kostnaður við stjórnun, skrifstofu- og starfsmannahald, sem í heild skal ekki vera meiri en 15.000.000 belgískir frankar skal skipt þannig milli samningsaðila:

Belgía	887.650
Danmörk	528.100
Spánn	1.359.550

A description of the project is contained in Annex I.

ARTICLE 2

A Management Committee, hereinafter referred to as “the Committee”, composed of one representative of each Party, is hereby established. Each representative may be accompanied by experts or advisers.

The Committee, acting unanimously, shall adopt its rules of procedure. In addition, it shall appoint its Chairman and Vice-Chairman.

ARTICLE 3

The Committee shall be responsible for co-ordinating the project and in particular shall:

(a) make recommendations to the Parties, giving reasons, on any activity relating to the implementation of the project;

(b) follow the progress of the work and recommend to the Parties, where appropriate, such changes as may be necessary in the overall direction or the volume of the work being undertaken;

(c) take any decisions concerning the activities of the five subregions referred to in Annex I, the co-ordination of which is necessary to the success of the project;

(d) appoint the project leader and define his functions;

(e) draw up programme proposals for the possible continuation of the work after this Agreement expires;

(f) exchange research results to an extent compatible with adequate safeguards for the interests of the Parties, their competent public authorities or agencies and research contractors, in respect of industrial property rights and confidential material of a commercial nature;

(g) publish, annually and at the end of the project, a report containing its conclusions on the results of the operations covered by the project and forward it to the Parties.

ARTICLE 4

The running costs, including administrative, secretarial and staff costs, the total amount of which shall not exceed the sum of 15,000,000 BF, shall be divided as follows among the Parties:

Belgium	887,650
Denmark	528,100
Spain	1,359,550

Frakkland	4.393.250	France	4,393,250
Írland	101.100	Ireland	101,100
Ítalía	2.550.550	Italy	2,550,550
Noregur	415.750	Norway	415,750
Portúgal	235.950	Portugal	235,950
Finland	393.250	Finland	393,250
Svíþjóð	955.050	Sweden	955,050
Bretland	3.179.800	United Kingdom	3,179,800

Fari samningsaðilar þess á leit skal framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna annast skrifstofuhald og fjárgæslu sjóðsins fyrir nefndina. Kostnaður af þessu verður endurgreiddur framkvæmdastjórninni.

At the request of the Parties, the Commission of the European Communities shall provide the Secretariat for the Committee and shall administer the fund. The Commission will be reimbursed for these costs.

5. gr.

1. Samningsaðilar skulu, til upplýsingar fyrir nefndina, láta stofnanir sínar og verktaka tilkynna sér um fyrri skuldbindingar og eignarréttindi á sviði iðnaðar sem þeim er kunnugt um og kynnu að torvelða framkvæmd verka sem samningur þessi tekur til.

2. Að því leyti sem ekki fer í bága við landslög skal hver samningsaðili tryggja innan lögsögu sinnar að eigendur eignarréttinda á sviði iðnaðar og tæknilegra upplýsinga sem verða til við starf sem þeim er falið undirgangist þá kvöð að veita öðrum samningsaðila sem þess fer á leit eða þriðja aðila er hann tilnefnir afnotarétt af þessum eignarréttindum á sviði iðnaðar eða þessum tæknilegum upplýsingum, og hafi einnig þá kvöð að láta í té þá tæknipekkingu sem nauðsynleg er til að hagnýta þann afnotarétt sem fram á hefur verið farið:

— til framkvæmda sem samningur þessi tekur til; eða

— til að koma á fót hafstöðvum til öflunar veður- og haffræðigagna.

Slíkur afnotaréttur skal veittur með sanngjörnum skilmálum með tilliti til viðskiptavenju.

3. Samningsaðilar skulu samkvæmt þessu fella ákvæði inn í verksamninga er falla undir þennan samning er tryggi veitingu afnotaréttar samkvæmt 2. tl.

4. Samningsaðilar skulu leitast við, einkum með því að fella viðeigandi ákvæði inn í verksamninga um verk samkvæmt samningi þessum, að áskilja, með sanngjörnum skilmálum og með tilliti til viðskiptavenju, að afnotaréttur samkvæmt 2. tl. taki einnig til eignarréttinda á sviði iðnaðar sem tilkynnt hefur verið um samkvæmt 1. tl. og til eldri

ARTICLE 5

1. The Parties shall require their establishments and contractors to notify them, for the information of the Committee, of previous commitments and industrial property rights of which they are aware and which might hinder the performance of the work covered by this Agreement.

2. Without prejudice to the application of national law, each Party shall ensure that the owners (falling within its jurisdiction) of industrial property rights and technical information resulting from work assigned to them will be under an obligation, if so requested by another Party, to grant that Party, or a third party nominated by that Party, a licence in respect of those industrial property rights or that technical information and will be under an obligation to supply the technical know-how necessary for use of the licence where the grant of the licence is requested:

— for the performance of work covered by this Agreement; or

— for setting up ocean stations for the provision of meteorological and oceanographic data.

Such licences shall be granted on fair and reasonable terms having regard to commercial usage.

3. The Parties shall accordingly ensure the inclusion in contracts for work covered by this Agreement of conditions enabling the licences referred to in paragraph 2 to be granted.

4. The Parties shall make every effort, in particular by the inclusion of appropriate conditions in contracts for work covered by this Agreement, to make provision on fair and reasonable terms and having regard to commercial usage, for the licences referred to in paragraph 2 to be extended to industrial property rights notified in accordance

tækniþekkingar sem verktaki á eða hefur yfir að ráða, að svo miklu leyti sem þessi afnotaréttur væri annars ekki fyrir hendi. Geti verktaki ekki fallist á slíka víkkun afnotaréttar skal málið lagt fyrir nefndina áður en gengið er frá verksamningi, svo hún geti sagt álit sitt á því.

5. Samningsaðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að efndir skuldbindinga samkvæmt 1.—4. tl. takmarkist ekki af síðari framsali eignarréttinda á sviði iðnaðar, tæknilegra upplýsinga eða tækniþekkingar. Framsal eignarréttinda á sviði iðnaðar skal tilkynnt nefndinni.

6. Hætti samningsaðili aðild sinni að samningi þessum skal afnotaréttur sem hann hefur veitt eða verið skuldbundinn til að veita eða sem hann hefur fengið samkvæmt 2. og 4. tl. og sem varðar árangur vinnu fram að þeim tíma er samningsaðilinn hættir aðild haldast samkvæmt skilmálum viðkomandi verksamnings eða verksamninga.

7. Réttindi og skyldur samkvæmt 1.—6. tl. skulu halda gildi eftir að samningur þessi gengur úr gildi. Þau skulu ná til eignarréttinda á sviði iðnaðar meðan þau eru í gildi og til óverndaðra tæknilegra upplýsinga eða tækniþekkingar þar til þær verða almenningsseign á annan hátt en með birtingu af hálfu leyfishafa.

6. gr.

Samningsaðilar skulu fara eftir ákvæðum viðauka II um réttarstöðu hafstöðvakerfisins (ODAS).

Viðbætina við viðauka II má endurskoða óháð greinunum um réttarstöðu ODAS.

7. gr.

Samningsaðilar skulu hafa samráð sín í milli:

- að beiðni eins þeirra um vandamál er varða framkvæmd samningsins;
- um áframhaldandi framkvæmd verkefnisins, hætti samningsaðili aðild.

8. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir öll þátttökuríkin þar til hann öðlast gildi samkvæmt 3. tl. Þátttökuríki sem ekki undirritar samninginn innan þessara tímamarka getur

with paragraph 1 and to prior technical know-how owned or controlled by the contractor, insofar as use of the said licences would not otherwise be possible. Where the contractor is unable to agree to such an extension, the case shall be submitted to the Committee, before the contract is entered into, so that the Committee can state its views on the matter.

5. The Parties shall take any steps necessary to ensure that the fulfilment of the obligations laid down in paragraphs 1 to 4 is not affected by any subsequent transfer of the industrial property rights, technical information or technical know-how. Any transfer of industrial property rights shall be notified to the Committee.

6. If a Party terminates its participation in this Agreement, rights of use which it has granted or is obliged to grant or has obtained in application of paragraphs 2 and 4 and which concern the results of the work carried out up to the date when the said Party terminates its participation, shall continue thereafter, on the conditions laid down in the relevant contract or contracts.

7. The rights and obligations set out in paragraphs 1 to 6 shall continue to apply after this Agreement expires. They shall apply to industrial property rights as long as these remain in force and to unprotected technical information or technical know-how until such time as they pass into the public domain other than through disclosure by the licensee.

ARTICLE 6

The Parties shall apply the provisions of Annex II on the legal status of Ocean Data Acquisition Systems (ODAS).

The Annexes to Annex II may be subject to review independently of the Articles on the legal status of ODAS.

ARTICLE 7

The Parties shall consult each other:

- at the request of one of them, on any problem posed by the implementation of this Agreement;
- in the event of withdrawal by one of them, on the continuance of the project.

ARTICLE 8

1. This Agreement shall be open for signature by the Participants until it enters into force in accordance with paragraph 3. Any Participant which does not sign this Agreement within the said

gerst aðili að honum hvær sem er síðar samkvæmt 10. gr.

2. Samningur þessi skal háður fullgildinguna eða staðfestinguna þeirra er undirrita hann. Fullgildingar- og staðfestingarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópubandalaganna til vörslu.

3. Samningur þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er sjö ríki sem hafa undirritað hann hafa afhent fullgildingar- eða staðfestingarskjöl til vörslu.

4. Gagnvart þátttökuríkjum sem afhenda fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu eftir gildistöku samnings þessa skal hann öðlast gildi á þeim degi er slíkt skjál er afhent til vörslu.

5. Þátttökuríki sem ekki hafa afhent fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu við gildistöku samnings þessa mega taka þátt í störfum nefndarinnar án atkvæðisréttar í sex mánuði eftir gildistöku dag.

6. Aðalframkvæmdastjóri ráðs Evrópubandalaganna skal tilkynna án tafar öllum þátttökuríkjum og aðildarríkjum um afhendingu fullgildingar-, staðfestingar- eða aðildarskjala vegna samnings þessa til vörslu og um dag þann er samningurinn öðlast gildi, og skal senda allar aðrar tilkynningar sem honum berast samkvæmt samningnum.

9. gr.

Tveimur árum eftir gildistöku samningsins getur samningsaðili tilkynnt uppsögn á samningnum af sinni hálfu með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópubandalaganna. Slík uppsögn öðlast gildi einu ári eftir þann dag sem aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópubandalaganna berst tilkynningin.

10. gr.

Ríkjum þeim er tóku þátt í ráðherrafundi í Brussel 22. og 23. nóvember 1971, Lýðveldinu Íslandi og Evrópubandalögunum er heimilt að gerast aðilar að samningnum. Aðild samkvæmt þessari grein skal háð einróma samþykki samningsaðilanna, sem geta sett skilyrði fyrir aðildinni. Aðildarskjöl skal afhenda aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópubandalaganna til vörslu. Samningur-

period may accede to it in accordance with Article 10 at any time thereafter.

2. This Agreement shall be subject to ratification or acceptance by the Signatories. Instruments of ratification or acceptance shall be deposited with the Secretary-General of the Council of the European Communities.

3. This Agreement shall enter into force 30 days after the date on which seven of the Signatories have deposited their instruments of ratification or acceptance.

4. For Participants whose instruments of ratification or acceptance are deposited subsequent to the entry into force of this Agreement, it shall enter into force on the date of the deposit of such instrument.

5. Participants which have not deposited their instruments of ratification or acceptance at the time of the entry into force of this Agreement may take part in the work of the Committee without voting rights for a period of six months after the date of entry into force.

6. The Secretary-General of the Council of the European Communities shall promptly notify all Participants and acceding States of the date of the deposit of instruments of ratification, acceptance or accession to this Agreement and the date of its entry into force and shall forward all other notices which he has received under the Agreement.

ARTICLE 9

Any Party may give notice of its withdrawal from the Agreement two years after its entry into force by written notification to the Secretary-General of the Council of the European Communities. Such withdrawal shall take effect one year from the date of the receipt by the Secretary-General of the Council of the European Communities of this notification.

ARTICLE 10

This Agreement is open to accession by the States which took part in the Ministerial Conference in Brussels on 22 and 23 November 1971, by the Republic of Iceland, and by the European Communities. Any accession under this article shall require the unanimous consent of the Parties, which may impose conditions therefor. Instruments of accession shall be deposited with the

inn öðlast gildi gagnvart aðildarríkinu á afhendingardegi slíks skjals.

11. gr.

Samningurinn gildir í fjögur ár. Sé verkefninu ekki lokið innan þess tíma geta samningsaðilar framlengt hann í því skyni að ljúka því.

12. gr.

Þessi samningur skal varðveittur hjá aðalframkvæmdastjórn ráðs Evrópubandalaganna og skal hún senda öllum samningsaðilum staðfest afrit af honum. Enski og franski textinn eru jafngildir.

GJÖRT í Brussel hinn 15. desember 1977.

Fylgiskjal 2.

Skilyrði fyrir aðild Lýðveldisins Íslands.

Fjárframlög Lýðveldisins Íslands vegna rekstrar- og kostnaðar sem getið er í 4. gr. samningsins skulu ekki vera meiri en 14.500 belgískir frankar. Fjárhæð þessi er ákveðin skv. reglum¹⁾ um skiptingu sameiginlegs kostnaðar sem settar voru vegna samnings um COST-verkefni 43.

Þátttaka Íslands í verkefninu verður á Færeyja/Hjaltlandseyja svæðinu og er skilgreind í nýjum viðbæti við viðauka I (tæknilegan) samningsins, mgr. II.c.

¹⁾Reglurnar miðast við tölur um verga þjóðarframleiðslu þáttökulanda.

Nýr viðbæti við viðauka I.

II.c. Færeyjar/Hjaltlandseyjar.

1. Þáttökulönd og framlög þeirra:

ÍSLAND: — Samstarf um rekstur eins eða fleiri ODAS-kerfis, þ. m. t. samvinna við Noreg um rekstur ODAS-stöðvar á Reykjaneshrygg 62° n.br. og 29° v.l. Reka strandarstöð, koma fyrir og sækja ODAS-stöð.

— Í samvinnu við önnur þáttökulönd að koma upp og starfrækja eina ODAS-stöð á NA-Atlantshafi nálægt 60° n.br. og 12° v.l. Reka strandarstöð, koma fyrir ODAS-stöð og útvega skip til að sækja hana þegar við á.

Secretary-General of the Council of the European Communities. The Agreement shall enter into force for the acceding Party on the date of deposit of such instrument.

ARTICLE 11

This Agreement shall remain in force for 4 years. If the project is not completed within that time the Parties may agree to prolong it in order to complete the project.

ARTICLE 12

This Agreement, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited with the General Secretariat of the Council of the European Communities, which shall transmit a certified copy to each of the Parties.

Done at Brussels on the fifteenth day of December in the year one thousand nine hundred and seventy-seven.

Conditions Imposed on the Accession of the Republic of Iceland

The financial contribution of the Republic of Iceland to the running costs referred to in article 4 of the Agreement should amount at most to B.F. 14.500. This amount is based on the financial key¹⁾ for the sharing of common costs adopted in the COST Project 43 Agreement.

The Icelandic participation in the project will be in the Faroe/Shetland region, and is detailed as an additional Annex to Annex I (technical content) paragraph II.c. of the Agreement.

¹⁾ This financial scale is based on gross domestic product (GDP) statistics of the countries taking part.

Additional Annex to Annex I

II.c. Faroes/Shetland

1. Participating countries and their individual contributions

ICELAND: — Collaboration in the operation of one or more ODAS including cooperation with Norway in operating the ODAS station on the Reykjanes Ridge 62° North, 29° West. Shore station operation, deployment and recovery.

— In cooperation with some other participating countries establishment and operation of one ODAS station in NE Atlantic near 60° N, 12° W. Shore station operation, deployment and recovery ships at appropriate opportunities.